Ed. **296. Frumvarp til laga** [170. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Nú eru í búi munir, sem hafa sérstakt minjagildi fyrir tiltekna fjölskyldu, og skulu þá erfingjar, sem teljast til þeirrar fjölskyldu, eiga forgangsrétt til muna þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í sambandi við samningu frumvarps til erfðalaga kom í ljós, að heppilegt væri að gera þá breytingu á skiptalögunum nr. 3/1878, sem felst í frumvarpi þessu.